

Starfsmannafélag Skagafjarðar
Ragna Jóhannsdóttir, formaður
Pósthólf 64
550 Sauðárkrókur

4. nóvember 2002

Vísað er til erindis félagsins, dags. 24. október sl., þar sem óskað er eftir því að réttindanefnd BSRB gefi álit sitt á því hvort starfsmenn, sem unnið hafa yfirvinnu og tekið hana út fríi, eigi rétt á leiðréttingu þrjú ár aftur í tímann. Samkvæmt framangreindu bréfi hafa starfsmenn verið látnir taka yfirvinnuna út í fríi þannig að það komi klukkustund á móti klukkustund í dagvinnu en ekkert yfirvinnuálag greitt.

Samkvæmt þeim gögnum sem liggja fyrir í máli þessu var ákvæði 2.3.10, er kveður á um rétt til að taka yfirvinnu út í fríi, bætt inn í kjarasamning félagsins þann 4. júlí sl., sbr. fundargerð 9. fundar samstarfsnefndar Kjarna og LN frá 4. júlí. Er ákvæðið svohljóðandi:

„Heimilt er starfsmanni, með samkomulagi við vinnuveitanda, að safna allt að 5 frídögum á ári vegna yfirvinnu, á þann hátt að yfirvinnutímar komi til uppsöfnunar en yfirvinnuálagið er greitt við næstu reglulegu útborgun.“

Fyrir 4. júlí 2002 var ekki ákvæði í kjarasamningi félagsins sem kvað á um þennan rétt. Til þess að réttindanefnd geti stutt kröfu starfsmanna um leiðréttingu aftur í tímann þyrfti að liggja fyrir ákvæði í samningi félagsins um að þessi réttur hefði verið til staðar. Nefndin hefur ekki upplýsingar um að svo hafi verið. Samkomulag um annað á vinnustaðnum, sem virðist hafa verið til staðar fyrir framangreint ákvæði, byggir ekki á kjarasamningsákvæði.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða réttindanefndar að ekki sé hægt að gera kröfu um leiðréttingu þrjú ár aftur í tímann. Starfsmennirnir eiga samkvæmt álit nefndarinnar einungis rétt á því að fá leiðréttingu á sínum málum skv. kjarasamningsákvæði 2.3.10. frá og með 4. júlí sl. þegar um það var samið, enda hefur nefndin ekki upplýsingar um það að ákvæðið hafi átt að vera afturvirk til þess tíma er hinn eiginlegi kjarasamningur tók gildi.

F.h. réttindanefndar BSRB

Erna Guðmundsdóttir, hdl.